

**Hannes H. Gissurarson**

**Þrjár erlendar bankar í eigu Íslendinga:\***

## Hvað gerðist?

Fyrir bankahrunið 2008 voru ýmsir erlendar bankar í eigu íslenskra fyrirtækja. Hér verða þrjár þeirra skoðaðir. Í Danmörku átti Kaupþing FIH banka, og tók Seðlabankinn hann að veði 6. október 2008 fyrir €500 milljóna neyðarláni til Kaupþings. Að tilhlutan danskra stjórnvalda og ráði Seðlabankans var bankinn seldur haustið 2010, og var söluverð háð væntanlegu tapi næstu árin. Svo virðist sem Seðlabankinn fái aðeins um helminginn af láni sínu aftur. Nú er verið að leggja bankann niður, og eiga danskir eigendur hans von á verulegum gróða, miklu hærri en nemur tapi Seðlabankans. Hvað gerðist? Í Bretlandi átti Landsbankinn Heritable Bank og Kaupþing KSF, Kaupthing Singer & Friedlander. Bresk stjórnvöld lokuðu þeim báðum í október 2008, færðu innlánsreikninga til keppinautar þeirra og settu þá í skiptameðferð. Jafnframt veittu bresk stjórnvöld öðrum bönkum í Bretlandi ríflega lausafjárfrigreiðslu eða lögðu þeim til aukið fjármagn. Nú er skiptameðferð að ljúka á Heritable Bank og KSF, og er endurheimtuhlutfall í báðum bönkum nálægt 100%, þótt lagst hafi á búin afar hár lögfræði- og skiptakostnaður, auk þess sem sú eign, sem fólst í rekstri og viðskiptavinum, varð verðlaus og aðrar eignir seldust eflaust ekki á hámarksverði. Hvað gerðist? Hér er leitast við að svara þessum spurningum með því að rannsaka gögn um bankana og ræða við þá, sem áttu hlut að máli. Niðurstaðan er, að hugsanlega hafi tapast að óþörfu hátt í milljarður punda eða 200 milljarðar króna í þessum þremur bönkum.

Með aðild Íslands að Evrópska efnahags-svæðinu 1994 fengu íslensk fyrirtæki, þar á meðal bankar, óheftan aðgang að öllu svæðinu. Vegna öflugra lífeyrissjóða, skilvirkra útgerðarfyrirtækja og traustrar stjórnar ríkisfjármála og peningamála nutu íslenskir bankar góðs lánstrausts (Ásgeir Jónsson 2009), og ný kynslóð, sem tók við bönkunum, eftir að ríkið seldi þá í áföngum, 1990 og 1998–2002, var ekki hert í sama eldi og norrænir bankamenn, sem höfðu reynslu af alvarlegum lánsfjárekrepnum á öndverðum tíunda áratug 20. aldar. Íslenskir bankamenn voru því margir djarfari en norrænt bankafólk. Jafnframt var gnótt ódýrs lánsfjár á alþjóðlegum mörkuðum fyrstu ár 21. aldar.

Afleiðingin varð útrásin svokallaða, stórfelldar fjárfestingar íslenskra fyrirtækja erlendis og ör vöxtur íslensku bankanna, sem tóku fyrst lán hjá erlendum bönkum og öðrum

*\* Fyrirlestur á Vorráðstefnu Viðskiptastofnunar 21. apríl 2015.*

fjármálafyrirtækjum og síðan hjá erlendum sparifjáraigendum. Íslensku bankarnir urðu á skömmum tíma svo stórir, að íslenska ríkið og Seðlabankinn höfðu ekki burði til þess ein og óstudd að veita þeim lausafjárfrigreiðslu eða leggja þeim til fjármagn, þyrfti á því að halda, eins og í ljós kom haustið 2008 (Páll Hreinsson o. fl. 2010). Féllu þeir þá með braki og brestum.

Margar eignir Íslendinga erlendis voru þó traustar. Svo virðist hafa verið um þrjár erlenda bankar í eigu íslenskra banka, FIH bankann í Danmörku og Heritable Bank og KSF, Kaupthing Singer & Friedlander, í Bretlandi. Miklu minna fé fékkst þó fyrir FIH bankann en búist hafði verið við, og ekkert fé fékkst fyrir bresku bankana tvo. Þetta þarf að skýra.

### FIH banki

FIH Erhvervsbank var stofnaður í Danmörku 1958 til þess aðallega að veita meðalstórum og stórum dönskum iðnfyrirtækjum veðlán í tækjum og öðrum búnaði. Árið 2004 lýsti aðaleigandi hans, sænski bankinn Swedbank,

---

Kaupþing var langstærsti íslenski bankinn og þess vegna kerfislega mikilvægastur. Í annan stað höfðu sérfræðingar JP Morgan, sem komu til Íslands á vegum Seðlabankans í október, sagt ráðherrum, að Kaupþing væri vænlegasti kosturinn, ætti að reyna að bjarga einhverjum banka

---

yfir áhuga á að selja hlutabréf sín. Eftir nokkurt þóf samdi Kaupþing, sem hafði þá nýlega sameinast Búnaðarbankanum, um að kaupa bankann fyrir 9,5 milljarða danskra króna (€1,4 milljarð eða £850 milljónir), en það var þá um tvöfalt bókfært eigið fé bankans (Ármann Þorvaldsson, 2009, 107–113). Hinn nýi eigandi gerði ekki miklar breytingar á bankanum. Bankastjórinn, Lars Johansen, hélt starfi sínu, og í bankaráðinu sátu áfram auk Kaupþingsmanna nokkrir helstu forystumenn í dönsku atvinnulífi. Bankinn dafnaði vel, og árið 2008 störfuðu þar 335 manns, heildarútlán voru þá nálægt €10 milljörðum, en bókfært eigið fé bankans nam €1 milljarði (FIH, 2009). Alþjóðleg lánsfjárekþreppa hafði hafist í litlum mæli haustið 2007, en hún færðist stórkostlega í aukana haustið 2008, sérstaklega eftir gjaldþrot bandaríska fjárfestingabankans Lehman Brothers 15. september. Næstu vikur skall hún af fullum þunga á Íslandi. Bankana íslenska vantaði alla þrjá sárlega lausafé til að standa við skuldbindingar sínar erlendis eða veita útibúum og dótturfélögum aðstoð. Sérstaklega var ástandið erfitt í Bretlandi, þar sem breska fjármálaeftirlitið gekk mjög hart eftir því, að stórfé yrði fært til útibúa og dótturfélaga íslenska bankanna, en hótaði ella að loka þeim. Ríkisstjórnin ákvað í samráði við Seðlabankann að setja svokölluð neyðarlög mánudaginn 6. september 2008 (nr. 125/2008), en með þeim var fjármálaeftirlitinu íslenska veitt vald til að taka við stjórn fjármálafyrirtækja og innstæður gerðar forgangskröfur í bú bankanna. Sama dag leituðu bæði Landsbankinn og Kaupþing til Seðlabankans með ósk um lán í erlendum gjaldeyri. Kaupþing bað um €500 milljón lán, Landsbankinn um lán í breskum pundum. Báðir bankarnir buðu fram veð, Landsbankinn ýmis verðbréf, Kaupþing FIH banka.

Ljóst var, að Seðlabankinn hafði aðeins bolmagn til að veita öðrum bankanna lán. Kaupþingsmenn skýrðu Davíð Oddssyni

seðlabankastjóra frá því, að ríkisstjórnin styddi lánveitingu til þeirra. Þótt Seðlabankinn væri sjálfstæð stofnun samkvæmt lögum (nr. 36/2001), var þar jafnframt kveðið á um, að bankinn skyldi „stuðla að stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum, enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkiði sínu skv. 1. mgr.“ (en meginmarkmið bankans var og er að stuðla að stöðugu verðlagi). Auk þess var mikill hluti gjaldeyrisvarasjóðs Seðlabankans fenginn með láni, sem ríkið hafði tekið, á meðan vaxtakjör voru mjög hagstæð. Davíð Oddsson seðlabankastjóri kannaði með símtali við starfsbróður sinn í Danmörku, hvort veðið, sem Kaupþing bauð fram, væri traust. Hinn danski starfsbróðir hans fullvissaði hann um það að höfðu samráði við danska fjármálaeftirlitið, enda var bókfært eigið fé bankans þá um €1 milljarður. Davíð hafði einnig samband við Geir H. Haarde forsætisráðherra, sem staðfesti það, sem Kaupþingsmenn höfðu sagt Seðlabankanum, að vilji ríkisstjórnarinnar væri, að Kaupþing fengi neyðarlánið frekar en Landsbankinn. Var það samtal af tilviljun hljóðritað (Morgunblaðið, 2015). Þótt ákvörðunin um að veita Kaupþingi lánið væri því tekin í samtali þeirra Davíðs og Geirs, báru bankastjórar Seðlabankans, Davíð og starfsbræður hans, Eiríkur Guðnason og Ingimundur Friðriksson, fulla ábyrgð á henni. Ýmsar ástæður voru til þess, að Kaupþing varð fyrir valinu frekar en Landsbankinn. Hann var langstærsti íslenski bankinn og þess vegna kerfislega mikilvægastur. Í annan stað höfðu sérfræðingar JP Morgan, sem komu til Íslands á vegum Seðlabankans í október, sagt ráðherrum, að Kaupþing væri vænlegasti kosturinn, ætti að reyna að bjarga einhverjum banka (Páll Hreinsson o. fl., 2010, bindi 7, kafli 20, 104). Í þriðja lagi bauð Kaupþing fram traust veð, banka með eigið fé, sem nam tvöföldu láninu (Eiríkur Guðnason, 2011). Einn þáverandi aðaleigandi Landsbankans, Björgólfur Thor Björgólfsson (2014, 171), telur í fjórða lagi, að stjórnmalasjónarmið hafi ráðið einhverju um afstöðu ríkisstjórnarinnar. Kaupþing hafi átt öfluga stuðningsmenn í röðum Samfylkingarinnar. Hvað sem líður þessari skoðun Björgólfs Thors, sem erfitt er að færa sönnur á, voru frambærilegar efnislegar ástæður til þessarar sameiginlegu ákvörðunar Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar.

Strax og ákveðið hafði verið að veita



*Þar eð eigendurnir þurftu ekki að greiða Íslendingunum, sem seldu þeim bankann, nema 1,9 milljarð danskra króna, gátu þeir næstu ár gert ráð fyrir að þrefalda fjárfestingu sína. Christian Dyvig getur búið við að græða um 400 milljónir danskra króna, um 8 milljarða íslenskra króna, á þessum kaupum. Bankastjórnir tveir og Fritz Schur eiga von á því að hagnast um 20 milljónir danskra króna hver, um 400 milljónir íslenskra króna hver.*

Kaupþingi neyðarlán að upphæð €500 milljónir, tilkynnti lögfræðingur Kaupþings dönsku hlutafélagaskránni, að FIH banki hafði verið veðsettur Seðlabankanum. Tókst að ljúka gerð veðsamnings síðdegis mánudaginn 6. október. Miklu máli skipti, að þetta var allsherjarveð: Það var ekki aðeins sett gegn þessu eina láni, heldur gegn öllum þeim öðrum kröfum, sem Seðlabankinn kynni að hafa á Kaupþing. Var lánið veitt til fjögurra daga (Eiríkur Guðnason, 2011). Seðlabankinn greiddi Kaupþingi út neyðarlánið, €500 milljónir, í þremur greiðslum af reikningi sínum í Seðlabanka New York inn á reikning Kaupþings í Frankfurt. Tvo næstu daga notuðu Kaupþingsmenn þetta fé til þess að reyna að halda uppi útibúum og dótturfélögum sínum og leysa úr kröfum úr öllum áttum. En þegar bresk stjórnvöld lokuðu dótturfélagi Kaupþings í Bretlandi, KSF, á hádegi 8. október, urðu allir lánasamningar lausir, og varð Kaupþing að biðja um gjaldprotaskipti aðfaranótt 9. október. Kaupþing gat því ekki endurgreitt á tilskildum tíma lánið, sem það hafði tekið í Seðlabankanum, og mátti því bankinn ganga að veðinu. Hins vegar urðu skilanevnd Kaupþings, sem tók við öllum eignum og skuldbindingum Kaupþings, og Seðlabankinn sammála um að reyna að selja bankann sem fyrst, en hafa samráð um rekstur hans fram að sölu. Ekki tókst að selja FIH banka haustið 2008, enda áraði þá illa. Hins vegar hafði hinn öflugri danski lífeyrissjóður ATP (Arbejdsmarkedets

Tillægspension) hagsmunna að gæta, því að hann hafði árið 2007 veitt FIH banka lánalínu, sem nam 15 milljörðum danskra króna (FIH, 2009, 7). Þegar danska ríkið bjargaði mörgum innlendum bönkum frá falli í hinna alþjóðlegu lánsfjákræppu með neyðaraðstoð, fékk FIH banki sinn skerf: Honum var lagður til 1,9 milljarður danskra króna, auk þess sem veitt var ríkisábyrgð á skuldbindingum hans allt að 50 milljörðum danskra króna, en sú ríkisábyrgð skyldi renna út haustið 2010 (Rangved o. fl. 2013, 444 og 446). Henrik Sjøgreen tók við bankastjórástöðunni af Lars Johansen á miðju ári 2009. Þegar leið að hausti 2010, lögðu dönsk stjórnvöld hart að Seðlabankanum og skilanevnd Kaupþings að selja bankann sem fyrst innlendum aðilum. Hermdu ónefndir heimildarmenn danska blaðsins Børsen (Nielsen o. fl., 2010a), að Íslendingum hefðu verið settir úrslitakostir: Þeir yrðu að selja bankann, áður en ríkisábyrgðin rynni út, annars yrði hún ekki framlengd. Haustið 2010 gerðu tveir aðilar tilboð í FIH banka, annars vegar lífeyrissjóðurinn ATP ásamt tveimur öðrum lífeyrissjóðum og dönskum fjárfesti, Christian Dyvig, hins vegar fjárfestingasjóðurinn Triton ásamt nokkrum litlum dönskum lífeyrissjóðum. Seðlabankinn, sem nú var undir forystu Más Guðmundssonar, ákvað í samráði við dönsk stjórnvöld að taka tilboði ATP og Dyvigs. Ónefndir heimildarmenn viðskiptablaðsins Børsen hermdu, að skilanevnd Kaupþings hefði frekar viljað taka tilboði

---

Eftir situr Seðlabankinn íslenski með sárt ennið. Þótt hann eigi ef til vill von á einhverju fé frá Axcel III fjárfestingarsjóðnum, fékk hann ekki nema €255 milljónir til baka af því €500 milljóna láni, sem hann veitti Kaupþingi með veði í FIH banka, þótt bókfært eigið fé bankans við söluhaustið 2010 hafi verið um €1 milljarður og í árslok 2014 um €769 milljónir. Jafnframt verður að hafa í huga, að veðið var allsherjarveð.

---

Triton-hópsins (Nielsen o. fl., 2010b). Söluverð bankans var í orði kveðnu fimm milljarðar danskra króna (€670 milljónir), sem var talsvert lægra en eigið fé bankans, en samt talsvert hærra en upphæð veðlánsins, sem skilanefnd Kaupþings skuldaði Seðlabankanum. En aðeins var greiddur út 1,9 milljarður danskra króna. Afgangurinn var háður því, hversu miklu bankinn myndi tapa á útlánum tímabilið 30. júní 2010 til 31. desember 2014. Á móti ætti seljandi að njóta þess, fengist gott verð fyrir fjárfestingasjóðinn Axcel III. Seðlabankanum til aðstoðar voru JP Morgan og danska lögmannsstofan Kromann Reumert. Taldi Már Guðmundsson seðlabankastjóri, að þessi niðurstaða væri „ágæt miðað við aðstæður“ (Seðlabankinn, 2010). Fjárfestirinn Christian Dyvig, sem nú eignaðist 10% í FIH banka, hafði verið lögfræðingur Kromann Reumert löngu áður, en síðan starfað hjá fjármálafyrirtækjum og auðgast svo árin 2003–2009 á fyrirtækinu Nordic Capital, sem hann rak ásamt félögum sínum, að hann gat snarað fram sinn hluta af útborguninni, 190 milljónum danskra króna, en þurfti ekki að taka lán (Carlsen, 2012).

Hinir nýju eigendur tóku við bankanum í janúarbyrjun 2011 og biðu ekki boðanna. Forstjóri lífeyrissjóðsins ATP, Bjarne Graven Larsen, varð bankastjóri við hlið Henriks Sjøgreens. Hafist var handa við að minnka veltu bankans, innheimta lán og afskrifa. Sagði bankinn upp öllum fasteignalánum, sem hann gat, og þótti mörgum viðskiptavinum illa með sig farið. Eftirmaður Larsens hjá ATP, Lars Rohde, leyndi því ekki í viðtölum við dönsk blöð, að stefna eigendanna væri að safna öllu hugsanlegu tapi bankans saman á því tímabili, sem samningurinn við Íslendingana næði til, fram í árslok 2014.

Kvað hann allt útlit fyrir, að ekki þyrfti að greiða síðari afborgunina til Íslendinga, sem nema átti 3,1 milljörðum danskra króna. Hann bætti því við, að Íslendingarnir gætu leyst lánabókina til sín aftur, ef þeir vildu (Jeppesen, 2011a). Þegar Børsen leitaði álits Steingríms J. Sigfússonar á þessum ummælum, vildi hann ekkert láta hafa eftir sér um þau (Jeppesen, 2011b). Bankastjórnarnir tveir, Larsen og Sjøgreen, fengu vildarkjör við að kaupa hlutabréf og gerðu það fyrir níu milljónir danskra króna hvor. Þeirra kjara naut einnig Fritz Suhr, stjórnarformaður fjárfestingafyrirtækis Dyvigs, en einnig stjórnarformaður SAS-flugfélagsins, einkavinur Hinriks drottningarmanns og forystumaður hóps kaupsyslumanna, sem studdu stjórnarflokkinn Venstre fjárhagslega. Keypti hann hlutabréf fyrir tíu milljónir króna (Sixhøj, 2012). Vorið 2012 fékk FIH banki sérstaka aðstoð frá danska ríkinu, sem leysti til sín fasteignalán fyrir 17 milljarða danskra króna. Komst ráðherranefnd Evrópusambandsins að þeirri niðurstöðu, að þetta jafngilti ríkisaðstoð að upphæð 425 milljónum danskra króna, sem FIH banki greiddi ríkinu (EU Commission, 2012; Kirketerp, 2014). Árið 2013 endurgreiddi bankinn ríkinu þann 1,9 milljarð danskra króna, sem lagður hafði verið inn í hann fjórum árum áður, og gerði upp öll skuldbréf með ríkisábyrgð. Í maí og júní 2014 seldi bankinn síðan útlánasöfn sín til norðurjókska banka, Spar Nord, og Nýkredit Bank í Kaupmannahöfn og tilkynnti, að hann yrði lagður niður á næstu árum. Lítið hafði gengið á eigið fé bankans við þessar aðgerðir allar. Í árslok 2014 var bókfært eigið fé FIH 5.739 milljónir danskra króna (€769 milljónir) og reksturinn orðinn sáralítill (FIH, 2015). Þar eð eigendurnir þurftu ekki að greiða Íslendingunum, sem seldu þeim bankann, nema 1,9 milljarð danskra króna, gátu þeir næstu ár gert ráð fyrir að þrefalda fjárfestingu sína. Christian Dyvig getur búist við að græða um 400 milljónir danskra króna, um 8 milljarða íslenskra króna, á þessum kaupum (Theil o. fl., 2014). Bankastjórnarnir tveir og Fritz Schur eiga von á því að hagnast um 20 milljónir danskra króna hver, um 400 milljónir íslenskra króna hver.

Eftir situr Seðlabankinn íslenski með sárt ennið. Þótt hann eigi ef til vill von á einhverju fé frá Axcel III fjárfestingarsjóðnum, fékk hann ekki nema €255 milljónir til baka af því €500 milljóna láni, sem hann veitti Kaupþingi með veði í FIH

banka, þótt bókfært eigið fé bankans við sölu haustið 2010 hafi verið um €1 milljarður og í árslok 2014 um €769 milljónir. Jafnframt verður að hafa í huga, að veðið var allsherjarveð, og Kaupþing skuldaði Seðlabankanum meira en €500 milljóna neyðarlánið. Hinum dönsku kaupendum er ekki um að kenna. Þeir settu vissulega lagi, en þeir gerðu ekkert ólöglegt, að því er virðist. Margar spurningar vakna því: Hvers efnis var kaupsamningurinn haustið 2010? Var hagstæðara tilboðinu tekið? Var gert ráð fyrir afskriftum jafnt og tapi til frádráttar kaupverði? Hvers vegna létu íslensk stjórnvöld undan hótunum danskra stjórnvalda? Gat forsætisráðherra ekki gert sér ferð til Kaupmannahafnar og beðið starfsbróður sinn ásjár í einlægu einkasamtali? Hefði ekki verið skynsamlegra að nota eitthvað af lánum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til að leysa til sín bankann en að geyma þetta fé óhreyft á vöxtum í banka í New York? Og hefði íslenska ríkið ekki átt að setja það skilyrði í upphafi, að hann hefði mann eða menn í stjórn til að fylgjast með rekstri bankans, á meðan viðskiptunum var ólokið? Hvers vegna átti hinn íslenski kröfuhafi ekki að njóta góðs af því, þegar danska ríkið veitti bankanum óbeinan stuðning að upphæð 425 milljónum danskra króna að mati ráðherra-nefndar Evrópusambandsins? Hefði ekki átt að reikna það til lækkunar bókfærðu tapi? Hugsanlegt hefði líka verið að selja ekki allan bankann, heldur aðeins til dæmis helminginn lífeyrissjóðnum ATP, sem átti tvímælalaust hagsmuna að gæta og naut stuðnings danskra stjórnvalda. Enn annar möguleiki hefði verið að setja bankann í skiptameðferð, leysa hann upp, eins og nýju eigendurnir gerðu raunar að lokum. Hvers vegna áttu þeir Christian Dyvig, Bjarne Graven Larsen, Henrik Sjögren og Fritz Schur að græða hundruð milljóna og milljarða á þessum kaupum, á meðan Seðlabankinn tapaði tugmilljónum á þeim? Erfitt er að meta, hvað þessi handvömm kostaði Seðlabankann, en ef reiknað er með sama eigið fé FIH banka og nú er bókfært, þá er það €769 milljónir, sem þarf þá að draga €225 milljónir frá, af því að það verð greiddu núverandi eigendur fyrir bankann. Samkvæmt því er tjónið €544 milljónir. Þá er gert ráð fyrir, að allsherjarveðið hefði nýst til að lækka skuldir Kaupþings við Seðlabankann. Ef svo er ekki, þá nemur tjónið að minnsta kosti €275 milljónum, sem er afgangurinn af skuld

Kaupþings við Seðlabankann, eftir að €225 milljónir höfðu verið greiddar í fyrstu (og einu) útborgun fyrir bankann.

## Heritable Bank

Heritable Bank var stofnaður í Glasgow 1877, en skráður 1887. Hann var fluttur til Lundúna 1950 og hafði aðsetur að 8 Hill Street við Berkeley-torg í vesturhluta borgarinnar, West End. Þegar leið að aldamótum og Halldór J. Kristjánsson, bankastjóri Landsbankans, hugðist færa út kvíamur og veita efnuðum Íslendingum fjármálaþjónustu í Bretlandi, benti fjármálaráðgjafinn John Quitter honum á þennan litla, en trausta banka, sem sérhæfði sig í fasteignalánnum (Páll Hreinsson o. fl., 2010, b. 8, Víðauki 1, 89). Í júlí 2000 keypti Landsbankinn 70% í bankanum af Wachovia bankanum og nokkrum stjórnendum. Í febrúar 2002 keypti Landsbankinn afganginn af hlutabréfunum. Samtals greiddi bankinn £25,9 milljónir fyrir bankann. Martin Young, sem hafði verið bankastjóri, hélt starfi sínu, en samtals störfuðu 32 menn í bankanum. Árið 2002 dró Young sig í hlé, og Mark Sismey-Durrant, sem hafði starfað hjá HSBC bankanum í Bretlandi og Sun Life Financial í Kanada, var ráðinn bankastjóri. Bankinn óx hægt og örugglega í höndum hans. Árið 2003 hóf bankinn að taka á móti heildsölulánum og árið 2004 venjulegum innlánum einstaklinga. Árið 2004 hóf bankinn líka að veita sérhæfð fasteignaveðlán. Heildarvelta bankans hafði verið um £175 milljónir, þegar Landsbankinn keypti hann, en hún var orðin um £450 milljónir árið 2005 og nálgadist einn milljarð punda, er yfir lauk. Í árslok 2004 var Heritable Bank metinn á um £355 milljónir. Árið 2005 stofnaði Landsbankinn síðan sérstakt útibú í Lundúnum, sem hafði aðsetur að 15 St. Botolph Street í fjármálahverfinu, City. Tók það smám saman að sér ýmis fjármögnunarverkefni og veitti fjármálaþjónustu (Halldór J. Kristjánsson o. fl., 2009; Sismey-Durrant, 2014).

Í október 2006 hóf Landsbankinn að taka við innlánum á svokallaða Icesave-reikninga á Netinu, en hugmyndina átti Sismey-Durrant bankastjóri, sem var í leit að nýjum tækifærum (Björgólfur Thor Björgólfsson, 2014, 162). Þótt reikningarnir væru í útibúi Landsbankans, hafði Heritable Bank yfirumsjón með þeim, en bakvinnu annaðist Newcastle Building Society. Heritable Bank starfaði eftir skoskum

---

Þessar tölur eru mjög merkilegar. Þær sýna, að Heritable Bank var síður en svo gjaldþrota, þegar honum var lokað.

Kröfuhafar töpuðu nær engu á skiptameðferð hans, þótt skipta-kostnaður væri feikilegur, sex milljarðar íslenskra króna.

---

og enskum lögum, breska fjármálaeftirlitið annaðist eftirlit með honum, og innstæður í honum voru tryggðar af breska innstæðu-tryggingarsjóðnum. Útibúi Landsbankans í Lundúnum starfaði að vísu eftir enskum lögum, en íslenska fjármálaeftirlitið annaðist eftirlit með bankanum, og innstæður í honum voru tryggðar af íslenska innstæðutryggingarsjóðnum, þótt Landsbankinn keypti viðbótartryggingar í Bretlandi ofan á þá upphæð, sem tryggð var á Íslandi samkvæmt reglum Evrópska efnahagssvæðisins. Þegar hin alþjóðlega lánsfjákræppa hófst haustið 2007, varð það áhyggjuefni íslenskra og breskra stjórnvalda, hvort innstæður í útibúi Landsbankans væru nægilega vel tryggðar í hinum litla íslenska innstæðutryggingarsjóði. Hófast því viðræður milli breska fjármálaeftirlitsins og Landsbankans um að flytja Icesave-reikningana úr Lundúna-útibúinu í Heritable Bank (eða eitthvert annað dótturfélag Landsbankans). Hvorki gekk né rak í þeim viðræðum, því að breska fjármálaeftirlitið gerði kröfur um miklu meiri tilfærslu eigna á móti innstæðum (sem voru auðvitað skuldir bankans) en Landsbankinn gat samþykkt.

Til þess voru aðallega tvær ástæður. Landsbankinn óttaðist, að við slíkar tilfærslur myndu ýmsir lánasamningar verða lausir, og þá var hætt á því, þar sem mikill lausafjárskortur var á mörkuðum, að þeim samningum yrði sagt upp, sem hefði aukið mjög á lausafjárskort Landsbankans. Í annan stað hafði Landsbankinn lánað talsvert út á hlutabréf sem veð, en þar sem hlutabréf höfðu fallið í verði, fullnægðu þau veð vart hörðum kröfum. Vildi Landsbankinn, að fjármálaeftirlitið slakaði á lausafjárkröfum, á meðan verið væri að flytja innstæðurnar úr útibúi í dótturfélag (Halldór J. Kristjánsson o. fl., 2009; Sismey-Durrant, 2014).

Mark Sismey-Durrant (2014) telur þó, að viðræður Landsbankans og breska fjármálaeftirlitsins hafi gengið vel fram á sumarið 2008. Þá bar Matthew Oakeshott lávarður, sem

tengdist ýmsum lífeyrissjóðum og byggingarfélögum í Bretlandi, fram fyrirspurn í lávarðadeildinni um, hvernig innstæður í íslenskum bönkum væru tryggðar. Þessi fyrirspurn vakti talsverða athygli, og eftir það breyttist tónninn í starfsmönnum breska fjármálaeftirlitsins. Með þeim var nú fylgst úr fjármálaráðuneytinu og forsætisráðuneytinu, að því er heimildarmenn Sismey-Durrants (2014) í fjármálaeftirlitinu sögðu. Lausafjárskorturinn á alþjóðlegum fjármálamörkuðum versnaði um allan helming eftir gjaldþrot Lehman Brothers 15. september 2008, og peningar streymdu út af Icesave-reikningum Landsbankans í Bretlandi. Loks setti breska fjármálaeftirlitið Heritable Bank og Landsbankanum þau úrslitaskilyrði helgina 4.–5. október 2008, að Landsbankinn færði £53 milljónir til Heritable Bank og £200 milljónir til Landsbankans. Ella yrði báðum þessum fyrirtækjum lokað. Landsbankinn sneri sér til Seðlabankans mánudaginn 6. október, það um neyðarlán og bauð fram ýmis veð, eins og áður greinir. Þegar honum var veitt afsvar, hlaut Mark Sismey-Durrant að tilkynna breska fjármálaeftirlitinu, að Heritable Bank gæti ekki orðið við kröfu þess um aukið lausafé. Þriðjudagsmorguninn 7. október lokuðu starfsmenn fjármálaeftirlitsins breska bæði Heritable Bank og útibúi Landsbankans í Lundúnum. Samstarf Heritable Bank og fjármálaeftirlitsins hafði verið gott, og var fulltrúi eftirlitsins gráti nær, þegar hún afhenti Sismey-Durrant úrskurð um lokun (Sismey-Durrant, 2014). Fjármálaráðuneytið færði reikninga í Heritable Bank yfir í hollenska bankann ING, samtals um £547 milljónir (Treasury, 2008a). Ráðuneytið færði einnig Icesave-reikninga Landsbankaútibúsins í Lundúnum yfir í ING, og var það miklu meira fé. Hvort tveggja var gert án endurgjalds, þótt ING eignaðist með þessu fjölmarga dýrmæta viðskiptavinum. Daginn eftir stigu Bretar annað skref: Miðvikudaginn 8. október birti fjármálaráðuneytið tilskipun samkvæmt lögum um varnir við hryðjuverkum, þar sem allar eignir Landsbankans eða tengdar Landsbankanum voru frystar. Beindist tilskipunin að Landsbankanum, Seðlabankanum, íslenska fjármálaeftirlitinu og ríkisstjórn Íslands (Treasury, 2008b). Á vefsíðu breska fjármálaráðuneytisins voru þessir íslensku aðilar um hríð á lista um ríki og samtök, sem ákvæði hryðjuverkalaganna giltu um, ásamt Al-Kaida, Talibönnum,



## MailOnline

Icelanders hit back at Brown freezing bank's assets with 'We are not terrorists' campaign

## The Telegraph

President of Iceland attacks Gordon Brown  
Former prime minister Gordon Brown has been severely criticised by the President of Iceland.



8. október beitti breska ríkisstjórnin hryðjuverkalögum gegn Íslandi. Beindist tilskipunin að Landsbankanum, Seðlabankanum, íslenska fjármálaeftirlitinu og ríkisstjórn Íslands. Á vefsíðu breska fjármálaráðuneytisins voru þessir íslensku aðilar um hrið á lista um ríki og samtök, sem ákvæði hryðjuverkalaganna giltu um, ásamt Al-Kaída, Talibönum, Norður-Kóreu og Íran.

Norður-Kóreu og Íran. Mark Sismey-Durrant (2014) telur, að hinum óvæntu og harkalegu aðgerðum gegn Íslendingum hafi verið ætlað að leiða athyglina frá því, að breska ríkið var þessa sömu daga að moka stórfé í gjaldþrota banka til að halda þeim í rekstri.

Endurskoðunarfyrtækið Ernst & Young var fengið til að annast skiptameðferð Heritable Bank. Starfsmenn þess og breska fjármálaeftirlitsins komu á vettvang fullir grunsemda um, að í bankanum hefði ýmislegt misjafnt farið fram, en eftir að þeir höfðu kynnt sér bókhald hans, breyttist viðhorf þeirra og þeir urðu miklu vinsamlegri (Sismey-Durrant, 2014). Skiptaráðendur ákváðu að selja ekki eignir strax, þar sem verðið væri mjög lágt. Þeir fengu £20 milljóna lán hjá austurríska bankanum BAWAG (Bank für Arbeit und Wirtschaft) til að bæta úr lausafjárskorti og urðu vegna árferðisins að greiða háa vexti og ríflega þóknun fyrir. Það lán var greitt aftur eftir nokkra mánuði. Flestum starfsmönnum var sagt upp (Ernst & Young, 2009a). Skiptin gengu vel. Í júlí 2009 höfðu allar forgangskröfur verið greiddar. Allar aðrar kröfur höfðu verið greiddar í ágúst 2013, og fengust 94 pence upp í hvert pund. Skiptaráðendur reiknuðu sjálfum sér þóknun að upphæð £28,9 milljónir og geymdu £39,3 milljónir í varasjóði vegna málaferla og lokauppgjör (Ernst & Young, 2014a). Þessar tölur eru mjög merkilegar. Þær sýna, að Herit-

able Bank var síður en svo gjaldþrota, þegar honum var lokað. Kröfuhafar töpuðu nær engu á skiptameðferð hans, þótt skiptakostnaður væri feikilegur, sex milljarðar íslenskra króna. Í skýrslu, sem fyrrverandi bankastjórar Landsbankans tóku saman eftir bankahrunið, segir, að bresk stjórnvöld hafi með aðgerðum sínum gert banka, sem hafi verið £200–250 milljóna virði, verðlausan (Halldór J. Kristjánsson o. fl., 2009). Þetta mat bankastjóranna virðist ekki vera út í bláinn, þegar litid er til þess, hversu hátt hlutfall skulda endurheimtist við erfiðar aðstæður, jafnframt því sem nær £30 milljónir runnu í skiptakostnað og £40 milljónir eru geymdar í varasjóði, samtals £70 milljónir. Víst er, að þetta hugsanlega tap er ekkert smáfé á íslenskan mælikvarða, 40–50 milljarðar króna.

### Kaupthing Singer & Friedlander

Julius Singer stofnaði verðbréfafyrirtæki í Lundúnum 1907. Nokkrum árum síðar gekk Ernst Friedlander, sem var af trúgröinni bankamannafjölskyldu í Berlín, til liðs við hann. Í stríðinu var þeim félögum meinað að eiga verðbréfavíðskipti vegna þýsks uppruna þeirra, og sneru þeir þá að bankastarfsemi. Singer & Friedlander var skráður banki árið 1920. Einn starfsmaður bankans á sjötta áratug varð frægur, George Soros fjárfestir (Litterick, 2002). Bankinn var einn af örfáum litlum einka-

---

Fé flæddi út af reikningum hjá KSF þessa daga, og jókst straumurinn 7. október, þegar bresk yfirvöld lokuðu Heritable Bank og útibúi Landsbankans í Lundúnum. Forstjóri fjármálaeftirlitsins, Hector Sants, hafði samband við Hreiðar Má Sigurðsson, bankastjóra Kaupþings, og kvað eftirlitið loka KSF, fengist ekki meira lausafé. Fékk Kaupþing frest fram á miðvikudagsmorgun.

---

bönkum, sem hélt velli í miklu umróti í breskum fjármálaheimi. Hann hafði aðsetur að 21 New Street í Bishopsgate í fjármálahverfi Lundúna, City. Velta hans árið 2003 var um þrjú milljarðar punda. Kaupþing hafði árið 2002 keypt lítið fjármálafyrirtæki í Lundúnum, Brask & Company, breytt nafninu í flýti af augljósum ástæðum og hafði starfsemi í litlum mæli í nóvember. Ármann Þorvaldsson var ráðinn forstöðumaður Kaupþings í Lundúnum í apríl 2003, en hann hafði áður stjórnað fjárfestingum Kaupþings á Íslandi. Ármann náði strax tengslum við umsvifamikla breska fjárfesta, en veitti einnig íslenskum framkvæmdamönnum aðstoð við fjármálaverkefni í Bretlandi. Kaupþing fékk augastað á Singer & Friedlander árið 2003, keypti talsvert af hlutabréfinu í bankanum og gerði snemma árs 2005 tilboð í afganginn, og var því tekið. Greiddi Kaupþing um £500 milljónir samtals fyrir bankann. Gerðist Ármann Þorvaldsson forstjóri KSF, Kaupþing Singer & Friedlander, í desember 2005. Næsta ár var unnið að endurskipulagningu bankans, og voru bæktistöðvar hans fluttar í 1 Hanover Street í vesturhluta Lundúna, West End. Gekk rekstur bankans mjög vel árið 2006 og fyrri helming ársins 2007, en hann fann strax fyrir lausafjárskortinum á alþjóðlegum mörkuðum haustið 2007. KSF brást við með því að leggja niður deildir, selja eignir og minnka veltu. Einnig hóf bankinn í febrúar 2008 að taka við innlánnum á „Kaupþing Edge“ netreikninga. Veitti breska fjármálaeftirlitið, sem annaðist eftirlit með KSF, tilskilin leyfi með því skilyrði, að laust fé næmi ætíð 95% af innlánnum.

Þar eð KSF var breskur banki, voru innstæður tryggðar í Bretlandi. Við þessar tvíþættu aðgerðir batnaði lausafjárstaðan, þegar leið fram á síðari helming ársins 2008. En þá jukust erfiðleikar

móðurfélagsins á Íslandi. Eftir að láns hæfismat íslensku bankanna hafði lækkað og lánalínur til þeirra lokast, hafði Ármann Þorvaldsson samband við breska fjármálaeftirlitið 30. september 2008 til að vekja athygli á þessari þróun og virkjaði einnig neyðaráætlun KSF um lausafjárskort. Ætlunin var að selja eignir eins skjótt og auðið væri (Ármann Þorvaldsson, 2009; Páll Hreinsson o. fl., 2010, b. 7, k. 20, 161–2).

Löng og ströng fundahöld með yfirmönnum KSF og starfsfólki breska fjármálaeftirlitsins hófust 1. október og héldu áfram næstu daga. Svo virðist sem þá fyrst hafi starfsfólk fjármálaeftirlitsins tekið eftir því, að KSF hafði í mars 2008 gert lausafjárskiptasamning við móðurfélagið, Kaupþing á Íslandi. Samkvæmt þeim samningi lánaði Kaupþing KSF röskan einn milljarða punda til þriggja mánaða í senn, en KSF endurlánaði Kaupþingi sömu upphæð til eins dags í senn. Þannig gat KSF fært einn milljarð punda sem laust fé í bókum sínum, þótt hvorki hefði farið fé frá Íslandi til Bretlands né frá Bretlandi til Íslands. Þetta hafði komið skýrt fram í reikningum og skýrslum KSF til breska fjármálaeftirlitsins. Einnig gerði starfsfólk fjármálaeftirlitsins athugasemdir við það, að KSF hafði lagt til £500–600 milljónir í veðköll (kröfur um auknar tryggingar eða lækkan lána gegn sömu tryggingum) á Kaupþing, en við það hafði lausafjárstaðan versnað. Nú var hún undir því, sem kveðið hafði verið á um, þegar KSF fékk leyfi til að safna netinnlánnum. Aðspurður kvaðst Ármann ekki telja, að KSF gæti dregið milljarð punda á gjaldeyrisskiptasamninginn við Kaupþing. Bankinn gæti ef til vill fengið £300–400 milljónir þaðan, en yrði síðan að selja eignir til að auka laust fé. Fjármálaeftirlitið sendi sveit manna inn á skrifstofu KSF næsta morgun, föstudaginn 3. október, til eftirlits og skoðunar og gaf út tilskipun um, að KSF yrði að leggja öll innlán frá og með 2. október inn á sérstakan reikning í Englandsbanka. Sheila Nicoll frá fjármálaeftirlitinu breska tilkynnti Ármanni, að eftirlitið myndi loka bankanum, bærisk ekki viðbótarfé frá Íslandi. Þennan dag voru £100 milljónir færðar frá Kaupþingi til KSF. En nú virtust breskir ráðamenn telja, að lausafjárskortur KSF væri vegna þess, að fé hefði verið laumað til Íslands. Gordon Brown forsætisráðherra ætlaði að hringja í Geir H. Haarde, starfsbróður sinn á Íslandi, en kom því ekki við sökum anna, og gerði Alistair





*Alistair Darling fjármálaráðherra tilkynnti í beinni útsendingu frá breska þinginu, að Kaupping væri komið í gjaldþrotameðferð og hann hefði þess vegna fært innlánsreikninga þess yfir í skoska bankann ING.*

*Mynd: Antonio Cruz*

Darling það laust eftir hádegi föstudaginn 3. október (Darling, 2013). Hann sagði Geir, að Kaupping virtist hafa fært £600 milljónir ólöglega frá KSF til Íslands, og tafarlaust yrði að færa þetta fé til baka, ella yrði KSF lokað. Geir sagði yfirmönnum Kaupplings frá þessu, og vísuðu þeir þessu algerlega á bug (Páll Hreinsson o. fl., 2010, b. 7, k. 20, 83). Þeir höfðu samband við Ármann Þorvaldsson og báðu hann um skýra málið fyrir breskum yfirvöldum. Hann samdi þessa helgi endurskoðaða áætlun um, hvernig bæta mætti lausafjárstöðu KSF, bar hana undir starfsfólk fjármálaeftirlitsins og taldi sig hafa fengið samþykki þess við henni. Yrði unnið eftir þeirri áætlun næstu daga. Gordon Brown forsætisráðherra hringdi hins vegar síðdegis sunnudaginn 5. október í Geir H. Haarde og sagði honum, að Kaupping virtist hafa fært £1.6 milljarð ólöglega frá KSF til Íslands, og yrði strax að kippa þessu í lag. Geir sagðist þá hafa rætt við yfirmenn Kaupplings, og væri niðurstaða fengin í málinu. Kvaðst Gordon þá láta það gott heita (Páll Hreinsson o. fl., 2010, b. 7, k. 20,

200–101). Mánudaginn 6. október hafði breska fjármálaeftirlitið frumkvæði að viðræðum KSF við Barclays banka um hugsanlega sölu, en þegar kom í ljós, að mennirnir frá Barclays höfðu aðeins áhuga á að kaupa einstakar eignir lágu verði, en ekki á rekstrinum sjálfum, var horfið frá frekari viðræðum. Sama dag hafði Ármann Þorvaldsson samband við aðstoðarforstjóra fjármálaeftirlitsins, Jon Pain, og spurði, hvort KSF gæti fengið lausafjárþyrngreiðslu frá Englandsbanka, enda gæti bankinn boðið góð veð. Pain tók því fjarri (Ármann Þorvaldsson, 2009; Páll Hreinsson o. fl., 2010, b. 7, k. 20, 165).

Fé flæddi út af reikningum hjá KSF þessa daga, og jókst straumurinn 7. október, þegar bresk yfirvöld lokuðu Heritable Bank og útibúi Landsbankans í Lundúnum. Forstjóri fjármálaeftirlitsins, Hector Sants, hafði samband við Hreiðar Má Sigurðsson, bankastjóra Kaupplings, og kvað eftirlitið loka KSF, fengist ekki meira lausafé. Fékk Kaupping frest fram á miðvikudagsmorgun. Um kvöldið var reynt að selja KSF fyrir £50 milljónir eða einn tíunda

---

Greiðslur til skiptaráðenda hafa því verið hvorki meira né minna en 14 milljarðar íslenskra króna. En ljóst er af hinu háa endurheimtuhlutfalli, að KSF var alls ekki gjaldþrota, þegar bankanum var lokað og hann settur í skiptameðferð.

Ekki er fráleitt að ætla, að fengist hefðu £500 milljónir fyrir bankann, hefði hann verið seldur í fullum rekstri á miðlungsári, hvorki í miðri uppsveiflu né miðri niðursveiflu.

---

af eigin fé, og átti kaupandi að vera fjárfestingafyrirtækið J. C. Flowers. Starfsmenn þess þurftu hins vegar meiri tíma en fram á næsta morgun, svo að ekki varð úr kaupunum. Miðvikudagsmorguninn 8. október kynnti breska ríkisstjórnin £500 milljarða björgunaraðgerðir við breska banka. Hreiðar Már Sigurðsson sendi Hector Sants fyrirspurn um það, hvort KSF fengi aðild að þessum aðgerðum, en fékk ekkert svar. Hreiðar Már og Ármann Þorvaldsson héldu áfram tilraunum til að útvega lausafé, en töldu sig þurfa meiri tíma. Klukkan tíu um morguninn birtu sjónvarpsstöðvar hins vegar fréttir af því, að Kaupþing væri fallið, en breska fjármálaráðuneytið hefði fært innlánsreikninga KSF yfir í hollenska bankann ING. Þetta kom Ármanni mjög á óvart. Hann hafði samband við samstarfsaðila sinn hjá fjármálaeftirlitinu, Juliu Dunn, sem var líka hissa. Hún kannaði málið, hringdi aftur í Ármann og sagði, að KSF yrði ekki lokað, ef lagðar yrðu £300 milljónir inn á reikning bankans (Ármann Þorvaldsson, 2009, 226). En eftir sjónvarpsfréttirnar um morguninn varð ekki aftur snúið. Kaupþing hélt að sér höndum í stað þess að leggja strax fé inn á reikning KSF, og klukkan 11:30 gaf breska fjármálaeftirlitið út tilskipun til KSF, þar sem bankanum var bannað frá og með 13:30 þennan sama dag að taka á móti innlánum. Með þessu lokaði fjármálaeftirlitið í reynd bankanum. Klukkan tólf tilkynnti Alistair Darling í beinni útsendingu frá breska þinginu, að Kaupþing væri komið í gjaldþrotameðferð og hann hefði þess vegna fært innlánsreikninga þess yfir í skoska bankann ING (Páll Hreinsson o. fl., 2010, b. 7, k. 20, 170; Treasury, 2008c). Darling hafði að vísu ekki rétt fyrir sér um þetta: Kaupþing fór í skiptameðferð síðdegis þennan dag. Þeir

Hreiðar Már og Ármann héldu símafund með Sants í hádeginu, og þungt í þeim hljóðið. Lýstu þeir yfir sárum vonbrigðum með það, að breska fjármálaeftirlitið hefði lokað KSF eftir að hafa samþykkt neyðaráætlun bankans um sölu eigna til að bæta eiginfjárstöðuna. Hreiðar Már sagði, að eftir lokunina væri tilgangslaust að færa £300 milljónir inn á reikning KSF, eins og að hefði verið stefnt. Hann endurtók fyrirspurn sína til Sants um, hvort KSF, sem væri breskur banki, gæti fengið aðild að björgunaraðgerðum breska ríkisins. Svarið var stutt og laggett: „Þetta fé er ekki ykkur ætlað“ (Ármann Þorvaldsson, 2009, 226; Páll Hreinsson o. fl., 2010, b. 7, k. 20, 171).

Um leið og KSF var lokað, varð Kaupþing gjaldþrota vegna ákvæða í lánasamningum um uppsögn þeirra, kæmi til slíks atviks. Endurskoðunarfyrirtækið Ernst & Young var fengið til að sjá um skiptameðferð KSF. Var talsvert verk að flytja 170 þúsund Edge reikninga með £2,6 milljarða innlán samtals úr kerfi KSF í kerfi ING. Eins og fyrri daginn fékk ING þessa viðskiptavini endurgjaldslaust. Aðrir innstæðueigendur voru um þrjú þúsund, og námu innlán þeirra £2,3 milljörðum. Í fyrstu skýrslu sinni til kröfuhafa sögðu skiptaráðendur, að líklega yrðu endurheimtur um 50 pens á pund (Ernst & Young, 2009b). Þetta breyttist. Þegar síðast var greitt út til kröfuhafa í desember 2014, voru endurheimtur orðnar 82,5 pence á pund. Telja skiptaráðendur líklegt, að endurheimtur verði að lokum um 85–86,5 pence á pund. Hins vegar nemur skiptakostnaður £73 milljónum og lögfræði- og ráðgjafarkostnaður £51 milljón (Ernst & Young, 2014b; Ernst & Young, 2014c). Greiðslur til skiptaráðenda hafa því verið hvorki meira né minna en 14 milljarðar íslenskra króna. En ljóst er af hinu háa endurheimtuhlutfalli, að KSF var alls ekki gjaldþrota, þegar bankanum var lokað og hann settur í skiptameðferð. Ekki er fráleitt að ætla, að fengist hefðu £500 milljónir fyrir bankann, hefði hann verið seldur í fullum rekstri á miðlungsári, hvorki í miðri uppsveiflu né miðri niðursveiflu. Þetta var kaupverð hans 2005, og eftir það hafði bankinn vaxið talsvert. Eftir lokun KSF hóf fjármálaeftirlitið rannsókn á starfsháttum yfirmanna KSF og Kaupþings, eins og við var að búast eftir fyrirlýsingar Alistairs Darlings og Gordons Browns við íslenska ráðamenn, þótt athyglisvert sé, að tal um ólöglega fjármagnsflutninga til Íslands þagnaði

skyndilega mánudaginn 6. október, enda hafði Ármann Þorvaldsson skýrt út fyrir starfsfólki fjármálaeftirlitsins, um hvað málið snerist (Ármann Þorvaldsson 2009). Þessi rannsókn tók þrjú og hálf ár, og henni lauk með því, að fjármálaeftirlitið varð að láta öll sakarefni niður falla nema það eitt, að Ármann Þorvaldsson hjá KSF og þeir Sigurður Einarsson og Hreiðar Már Sigurðsson hjá Kaupþingi hefðu ekki sýnt nægilega árvekni dagana frá 30. september til 2. október 2008, þegar ljóst mátti verða, að alvarlegur lausafjárskortur væri skammt undan hjá KSF. Fengu þeir áminningu frá fjármálaeftirlitinu og lofuðu í sátta skyni að taka ekki að sér störf í fjármálaheiminum í fimm ár frá október 2008 að telja. Tekið var fram í áminningunni, að lausafjárskort KSF mætti ekki rekja til þessa aðfinnsluefnis og að Ármann Þorvaldsson hefði veitt aðstoð eftir megni við rannsóknina (FSA, 2012). Efnahagsbrotadeild bresku lögreglunnar, Serious Fraud Office, hóf einnig rannsókn á KSF, en tilkynnti í október 2012, að henni hefði verið hætt vegna „skorts á gögnum“ (SFO, 2012).

## Niðurstaða og umræður

Seðlabankinn tapaði að minnsta kosti €275 milljónum, 42 milljörðum íslenskra króna, á því, hversu illa tókst til um sölu FIH banka haustið 2010. Þegar bresk stjórnvöld lokuðu Heritable Bank 7. október 2008, er líklegt, að tapast hafi að minnsta kosti £200 milljónir eða 40 milljarðar íslenskra króna. Þegar bresk stjórnvöld lokuðu KSF 8. október 2008, kunna að hafa tapast um £500 milljónir eða 100 milljarðar íslenskra króna. Samtals nemur tapið af endalokum þessara þriggja fyrirtækja þá 182 milljörðum króna, ef varlega er farið í áætlanir, en nálægt 200 milljörðum við hærra mat. Er þá ótalin sú ósýnilega sóun, sem þessar aðgerðir höfðu í för með sér. Í Danmörku stefndu kaupendur FIH banka ekki að því að hámarka endurheimtur af lánum til langs tíma, heldur að safna öllu mögulegu tapi saman á tímabilið, sem kaupsamningurinn milli þeirra og hinna íslensku seljenda náði til. Þetta hefur eflaust líka valdið óþörfum kostnaði hjá mörgum viðskiptavinum bankans. Í Bretlandi fóru verðmæti ekki aðeins í súginn í andvirði hinna tveggja bresku banka, sem tapaðist allt, heldur líka í ótrúlega dýrum rannsóknum, málaferlum og kostnaði skiptaráðenda og lögfræðinga. Þetta tap var síður en svo óhjákvæmilegt. Þótt dönsk stjórnvöld

---

Seðlabankinn tapaði að minnsta kosti €275 milljónum, 42 milljörðum íslenskra króna, á því, hversu illa tókst til um sölu FIH banka haustið 2010. Þegar bresk stjórnvöld lokuðu Heritable Bank 7. október 2008, er líklegt, að tapast hafi að minnsta kosti £200 milljónir eða 40 milljarðar íslenskra króna. Þegar bresk stjórnvöld lokuðu KSF 8. október 2008, kunna að hafa tapast um £500 milljónir eða 100 milljarðar íslenskra króna.

---

hafi valdið einhverju um hið mikla tap Íslendinga með því að setja þeim úrslitakosti haustið 2010, hefði eflaust mátt hnika einhverju til um afstöðu þeirra. Framkoma breskra stjórnvalda var hins vegar önnur en gömul vinaþjóð Breta í norðri átti að gera ráð fyrir. Heritable Bank og KSF voru breskir bankar, greiddu skatta í Bretlandi, veittu íbúum á Bretlandi vinnu og fjárfestu í Bretlandi. Ásakanir breskra ráðherra um ólöglegar milli-færslur til Íslands reyndust haldlausar. Ekkert saknæmt kom heldur í ljós í rekstri Heritable Bank og KSF þrátt fyrir umfangsmiklar og langvinnar rannsóknir. Ein hugsanleg skýring á aðgangshörku breskra stjórnvalda er sú, sem Mark Sismey-Durrant (2014) nefnir, að þau hafi viljað leiða athygli frá því, að þau voru á sama tíma í október 2008 að verja stórfé til að bjarga bönkum, sem í raun voru gjaldþrota. Gott dæmi er Bradford & Bingley. Bresk stjórnvöld notuðu £46 milljarða til að bjarga þeim banka, og af þeirri upphæð hafa aðeins £14 milljarðar skilað sér, svo að útgjöld skattgreiðenda af þessari björgun nema £32 milljörðum (National Audit Office, 2015). Hins vegar er ljóst af atburðarásinni, að líklega hefði Heritable Bank ekki vantað nema um £20 milljóna lán til að halda áfram rekstri, og KSF þurfti ef til vill um £1–2 milljarða að láni í lausafé, sem var aðeins 3–5% af því, sem kostaði breska skattgreiðendur að bjarga Bradford & Bingley. Sjálfur segir Alistair Darling (2013), að hann hafi ekki treyst íslenskum stjórnvöldum eða bankamönnum. Það er eflaust rétt. En voru stjórnendur Bradford & Bingley traustsins verðir? Eða stjórnendur hollenska bankans ING, sem fékk öll innlán Heritable Bank, Landsbankans og KSF endurgjaldslaust? Nokkrum dögum síðar komst ING banki sjálfur í þrot

og þurfti €10 milljarða fjárstuðning frá hollenska ríkinu, 1.500 milljarða íslenskra króna (ING, 2015). Enn önnur kaldhæðni er, eftir að hryðjuverkalögum hafði árið 2008 verið beitt gegn Landsbankanum, að árið 2012 varð ING banki að greiða \$619 milljónir, 83 milljarða íslenskra króna, í sekt til bandarískra stjórnvalda fyrir að hafa ólöglega aðstoðað ríki, sem eru á sérstökum bannlista Bandaríkjanna vegna hryðjuverka, þar á meðal Íran (Albergotti, 2012), en það ríki var á sama lista á vefsíðu breska fjármálaráðuneytisins og Landsbankinn.

## Heimildir:

- Albergotti, R. 2012. *ING Fined a Record Amount*. *Wall Street Journal*. 12. júní.
- Ármann Þorvaldsson. (2009). *Frozen Assets*. London: Wiley.
- Ásgeir Jónsson. (2009). *Why Iceland?* New York: McGraw Hill.
- Björgólfur Thor Björgólfsson. (2014). *Billions to Bust and Back*. With Andrew Cave. London: Profile Books.
- Carlsen, C. 2012. *Dyvig in ny central FIH-rolle*. *Børsen*, 30. maí.
- Darling, A. 2013. *Viðtal 11. desember*.
- Eiríkur Guðnason. 2011. *Viðtal 25. október*.
- Ernst & Young. 2009a. *Heritable Bank (in Administration)*. *First progress report to all known creditors*. 17. apríl.
- Ernst & Young. 2009b. *Kaupthing Singer & Friedlander (in Administration)*. *Report from 8 October 2008 to 7 April 2009*.
- Ernst & Young. 2014a. *Heritable Bank (in Administration)*. *Seventeenth progress report to all known creditors*. 29. ágúst.
- Ernst & Young. 2014b. *Kaupthing Singer & Friedlander (in Administration)*. *Report from 8 April 2014 to 7 October 2014*.
- Ernst & Young. 2014c. *Kaupthing Singer & Friedlander (in Administration)*. *Notice of twelfth dividend*.
- EU Commission. 2012. *Decision. State Aid, no. SA.34445*. 29 June.
- FIH. 2009. *Ársrapport 2008*. København: FIH.
- FIH. 2015. *Ársrapport 2014*. København: FIH.
- FSA. 2012. *Financial Services Authority, 2012. Final Notice to Kaupthing Singer and Friedlander Limited (in administration)*. 18. júní.
- Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Árnason. 2009. *Developments leading up to the Icelandic bank crisis in October 2008*. *Draft*, 25. febrúar.
- ING. 2015. *State aid for ING: the facts and the figures*. Sótt 2. mars 2015 af <http://www.ing.com/About-us/Our-stories/Features/Features/State-aid-for-ING-the-facts-and-figures.htm>
- Jeppesen, M. 2011a. *Íslendinge må betale for FIH's ejendomsudrensning*. *Børsen*, 18. nóvember.
- Jeppesen, M. 2011b. *Íslendinge tavse om FIH Erhvervsbank*. *Børsen*, 18. nóvember.
- Kirketerp, S. Av, for et girokort — FIH skal betale mio til staten. *Børsen*, 5. febrúar.
- Litterick, D. 2002. *Billionaire who broke the Bank of England*. *Telegraph* 13. september.
- Lög nr. 36 22. maí 2001. Sótt 2. mars 2015 af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2001036.html>
- Lög nr. 125, 7. október 2008. Sótt 2. mars 2015 af <https://www.althingi.is/altext/stjt/2008.125.html>
- Morgunblaðið (2015, 21. febrúar). *Reykjavíkurbréf*. Reykjavík: Morgunblaðið. [Höfundur eflaust Davíð Oddsson.]
- National Audit Office. 2015. *Taxpayer support for UK banks*. Sótt 2. mars 2015 af <http://www.nao.org.uk/highlights/taxpayer-support-for-uk-banks-faqs/>
- Nielsen, H.B., Bach, D. og Jeppesen, M. 2010a. *Finansiel Stabilitet bag krav om FIH-salg*. *Børsen*, 10. september.
- Nielsen, H.B. og Bach, D. 2010b. *Island risikerer milliardtab på FIH trods salg*. *Børsen*, 21. september.
- Páll Hreinsson, Sigríður Benediksdóttir og Tryggvi Gunnarsson. (2010). *Aðdragandi og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og tengdir atburðir*. Skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis. Reykjavík: Alþingi.
- Ragnved, J., o. fl. 2013. *Den finansielle krise i Danmark. Årsager, konsekvenser og læring*. Rapport fra udvalget om finanskrisens årsager. København: Erhvervs- og Vækstministeriet.
- Sedlabankinn. 2010. *Sala á danska bankanum FIH*. Fréttatilkynning. Sótt 2. mars 2015 af <http://www.sedlabanki.is/utgefing-efni/frettir-og-tilkynningar/frettasafn/frett/2010/09/19/Sala-%C3%A1-danska-bankanum-FIH/>
- SFO. 2012. *Serious Fraud Office. Kaupthing Bank*. Press Release. 15. október. Sótt 2. mars 2015 af <http://www.sfo.gov.uk/press-room/latest-press-releases/press-releases-2012/kaupthing-bank.aspx>
- Sismey-Durrant, M. 2014. *Viðtal*, 28. nóvember.
- Sixhøj, M. *Fritz Schur kan score kasssen på FIH-salg*. *Børsen*, 28. desember 2012.
- Theil, J., Horn, U. og Matthiessen, T. 2014. *Kapifalsfondskonge står til at score 400 mio på FIH*. *Børsen*, 22. maí.
- Treasury. 2008a. *The Heritable Bank plc Transfer of Certain Rights and Liabilities Order 2008*. *Statutory Instruments*, 2008 No. 2644.
- Treasury. 2008b. *The Landsbanki Freezing Order*. *Statutory Instruments*, 2008 No. 2668.
- Treasury. 2008c. *The Kaupthing Singer & Friedlander Limited Transfer of Certain Rights and Liabilities Order 2008*. *Statutory Instruments*, 2008, No. 2674.